

1924 nr. 51 4. júní

Lög um ríkisskuldabréf

Upphaflega l. 8/1923. Tóku gildi 17. september 1923. Endurútgefin, sbr. 4. gr. l. 24/1924, sem l. 51/1924.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Þegar lán eru tekin fyrir hönd ríkissjóðs, skal fyrir þeim gefa út skuldabréf á íslensku, með þýðing á eitt eða fleiri útlend mál, þegar ástæða er til þess.

■ 2. gr.

□ Öll skuldabréfin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð þeirra, vaxtafót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvívar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

■ 3. gr.

□ Skuldabréfin skulu gefin út til eigi lengri tíma en 25 ára og með vaxtamiðum fyrir það tímabil, sem ákveðið er, að bréfin megi vera lengst í umferð.

□ Af skuldabréfum þeim, sem út eru gefin í hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli

við skuldabréfaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabréfin séu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefur ákveðið, þá er bréfin voru sett í umferð. Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

□ Nánari tilhögun um innköllun bréfanna getur ráðherra sett með reglugerð.

■ 4. gr.

□ Þegar lánsheimild er fyrir hendi, skal stjórnin jafnan sjá um, að almenningur eigi kost á að kaupa skuldabréfin í bönkum, sparisjóðum og á öðrum stöðum, er henta.

■ 5. gr.

□ Bréfin sjálf og vaxtamiðar þeirra skulu í gjalddaga greidd með ákvæðisverði, án nokkurs frádráttar, stimpilgjalds eða skatts og eru sömuleiðis gjaldgeng í ríkissjóð í hverja greiðslu sem er, svo sem peningar væru.

■ 6. gr.

□ Bréf og vaxtamiðar, er í gjalddaga eru fallin, greiðast úr ríkissjóði, er einnig getur falið bönkum, hérlendum eða útlendum og öðrum stofnunum, að annast slíkar greiðslur.